

Mánudaginn 4. maí 1931.

Nr. 102/1930: Gísli Magnússon

gegn

Lárusi Jóhannessyni, f. h. A/B Göteborgs Järn og Metall Affär

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi mætti í málinu og óskaði, að það yrði hafið.

Stefndi samþykkti það og krafðist ómaksbóta.

Þessa kröfu ber að taka til greina og ákveðast ómaksbæturnar 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Gísli Magnússon, greiði stefnda, Lárusi Jóhannessyni, f. h. A/B Göteborgs Järn og Metall Affär, 50 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. maí 1931..

Nr. 91/1930. Einar M. Jónasson (sjálfur)

gegn

fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, og Bergi sýslumanni Jónssyni

(Stefán J. Stefánsson).

Krafa áfrýjanda um ónýtingu uppboðs eigi tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Með dómi hæstaréttar 13. maí 1929 var áfrýjandi dæmdur til að greiða fjármálaráðherra, f. h. rík-

issjóðs, kr. 61,192,47 ásamt vöxtum og málskostnaði, og var til fullnægjingar dóminum gert fjárnám í ýmsum eignum áfrýjanda þ. 6. júní 1929 og það fjárnám síðan staðfest með hæstaréttardómi 4. dez. s. á. Meðal hinna fjárnumdu eigna voru 25 hndr. úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi og búpeningur, er áfrýjandi átti þar, og var þess af hálfu fjármálaráðherra krafizt með bréfi, dags. 1. marz f. á., að þessar eignir yrðu seldar við nauðungaruppboð og fóru uppboðin fram í Breiðuvík 5. maí f. á., að undangenginni auglýsingu, er birt var þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, í fyrsta sinni 13. marz f. á. Voru lausafjárnunir seldir hæstbjóðendum á uppboði fyrir sig, en á fasteignaruppboðinu varð fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, hæstbjóðandi að jörðinni fyrir 4000 kr., og samþykkti uppboðsráðandi boðið innan tiltekins frests og afsalaði honum jörðinni.

Uppboðum þessum hefir áfrýjandi áfrýjað til hæstaréttar með stefnu, dags. 27. okt. f. á., og hefir hann krafizt þess, að bæði uppboðin verði ómerkt og að hinir stefndu, fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs og uppboðsráðandi Barðastrandarsýslu, Bergur sýslumaður Jónsson, verði in solidum eða hvor um sig dæmdir til að greiða sér málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins.

Hinir stefndu hafa hins vegar krafizt staðfestingar á uppboðunum og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Kröfu sína um ómerking lausafjáruppboðsins byggir áfrýjandi á því, að á uppboðinu hafi auk hinna fjárnumdu muna, verið seldir aðrir fjárnunir, er hann átti þar og andvirði þeirra verið látið ganga til greiðslu dómskuldarinnar í stað

þess, að því hafi átt að verja til að innleysa fjárnumda innanhússmuni áfrýjanda á Geirseyri. En þar sem stefndi hefir lagt fram í hæstarétti skriflega beiðni áfrýjanda um að fjármunir þessir yrðu seldir á uppboðinu ásamt hinum fjárnumdu lausafjármunum og þar með sannað, að sala þeirra á uppboðinu hafi farið fram eftir ósk áfrýjanda og því verið lögmæt, þá verður krafa hans um ómerking uppboðsins ekki tekin til greina.

Kröfu sína um ómerking uppboðsins á jörðinni Breiðuvík rökstyður áfrýjandi einkum með því, að hæsta boð, er gert var í jörðina, 4000 kr., hafi ekki hrokkið til lúkningar veðkröfum, er forgangsrétt höfðu fyrir fjárnámskröfunni og hafi því uppboðið orðið árangurslaust og uppboðsráðanda þar af leiðandi óheimilt að selja hæstbjóðanda jörðina. Það er nú að visu viðurkennt, að forgangskröfur veðhafa hafi numið um 6000 kr. eða meiru en hæst var boðið í jörðina á uppboðinu, en þetta veitir eigi áfrýjanda neinn rétt til að krefjast ómerkingar á kröfunni, enda hafa veðhafarnir eigi áfrýjað uppboðinu og það er án mótmæla upplýst fyrir hæstarétti, að fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, hafi samkvæmt 3. gr. söluskilmálanna tekið að sér greiðslu veðskuldanna og að samkomulag hafi fengizt við veðhafana um það.

Og með því ennfremur, að önnur mótmæli áfrýjanda gegn lögmæti uppboðsins eru eigi á rökum byggð, svo sem það, að gæðum jarðarinnar og kvöðum hafi eigi verið nægilega lýst á uppboðinu, og að áfrýjandi hafi ekki verið vitanlegur eigandi jarðarinnar, þar sem hann hafði aðeins haft kaupsamning, en ekki afsal fyrir henni, þá verður að láta uppboðið og sölu jarðarinnar óhaggaða standa.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði hinum stefndu málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 100 kr. til hvors þeirra.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjuðu uppboðsgerðum skal óraskað,

Áfrýjandinn, Einar M. Jónasson, greiði fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, og Bergi sýslumanni Jónssyni, hvorum um sig, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. maí 1931.

Nr. 55/1930. Réttvísing (Eggert Claessen)

gegn

Ingólfi Einari Sigurjónssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Íkveikja.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 22. marz 1930: Ákærður, Ingólfur Einar Sigurjónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði og greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal krónur 70,00 til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, Sveinbjörns Jónssonar hrm.

Dómnum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með úrskurði hæstaréttar 31. okt. f. á. var lagt fyrir rannsóknardómarann í máli þessu að afla nokkurra frekari upplýsinga í málinu. Hefir því ný rannsókn farið fram, án þess þó að verulegar nýjar upplýsingar hafi fengizt. Við þessa fram-